

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

3. maí 2020 kl. 8:10

Mættir voru:

Pétur Örn Magnússon, fulltrúi foreldra, Ragnhildur Helgadóttir, fulltrúi foreldra (varafulltrúi), Þorvar Hafsteinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Mariússon, fulltrúi starfsmanna, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Theodór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Hulda María Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi nemenda og

Fundarritari: María Jónsdóttir.

1. Skólahald síðustu vikur í Covid

Guðrún Soffía fór yfir hvernig síðustu vikur gengu í heimsfaraldrinum Covid. Skólanum var skipt upp í sóttvarnarhólf og farið var eftir fyrir mælum frá landlækni og almannavörnum. Með þessu var haft í huga að ef smit kæmi upp myndi ekki allur árgangurinn fara í sóttkví. Eitt smit kom upp meðal starfsmanna og fóru 3 starfsmenn og hálfur árgangur í sóttkví. Skólahald var með sérstökum hætti þessar vikur en heilt yfir gekk starfið mjög vel. Fjarfundir voru haldnir milli kennara og kennarar eldri nemenda. Mæting nemenda var meiri hér en í öðrum skólum sérstaklega eftir páska. 1. - 5. bekkur mætti alla daga, 6. - 7. bekkur annan hvern dag og unglिंगastigið þriðja hvern dag til að byrja með en eftir páska mættu þau einn dag í viku.

Könnun var send út til nemenda og foreldra á unglिंगastigi vegna fyrirkomulagsins og kom fram þar að foreldrar og nemendur voru ánægðir með fyrirkomulagið.

Námsver á unglिंगastigi var opið alla daga eftir páskaleyfi.

Pétur hélt að það yrði meiri fjarkennsla, hefði viljað sjá meira af því. Taldi að það hefði þurft að ná til nemenda alla daga sem ekki væri skóli. Fleiri fundir voru haldnir eftir því sem leið á tímann. Umræður voru um þetta. Ragnheiður nefndi að skólinn hefði staðið sig vel að hennar mati.

2. Næsta skólaár

Gott útlit fyrir næsta ár. Tvær stöður eru í úrvinnslu, tónmennt og smíði og hönnun. Aðrar stöður eru mannaðar. Guðrún Soffía lætur af störfum í vor og María Jónsdóttir tekur við sem skólastjóri.

3. Önnur mál

Skólalóðin. Guðrún Soffía sendi tillögur um skólalóðina til skólaráðs. Umræður voru um þessar tillögur.

Verkfall Eflingar byrjar um hádegi 3. maí. Það hefur ekki áhrif í Vatnsendaskóla fyrir utan að ekki verður hádegismatur hér og koma nemendur því með nesti.

Rætt um útskriftarferð 10. bekkjar, Laugavatn og árshátíð unglिंगastigsins.

Þorvar var á fundi með Kópavogsbæ fyrir helgi og þau vilja að foreldraröltinu verði framlengt í júní. Borið hefur á hópamyndun unglinga. Lögreglan er að fylgjast með hverfinu. Hefur ekki alltaf verið auðvelt að halda úti foreldraröltinu hér í hverfinu. Félagsmiðstöðvarnar hafa verið með rölt um helgar og halda því áfram í sumar.

Fundir skólaráðs hafa riðlast vegna faraldursins. Ákveðið að hafa næsta fund um mánaðarmótin maí/júní.

Fundi slitið kl. 9:15